HÁSKÓLI ÍSLANDS

Íslenska í ólgusjó

U3A Reykjavík

28. nóvember 2017

Eiríkur Rögnvaldsson

Háskóla Íslands

Sterk staða íslensku í samfélaginu

- Íslenska er notuð á öllum sviðum samfélagsins
  - í stjórnkerfinu
  - í menntakerfinu
  - í verslun og viðskiptum
  - í fjölmiðlum
  - í menningarlífinu
  - á netinu
  - í daglegum samskiptum fólks
- Allt bendir til að hún standi mjög sterkt

Innlent | Morgunblaðið | 21.3.2017 | 5:30 | Uppfært 5:57

Börnin tala saman á ensku í skólanum

Grunnskólakennari í Hafnarfirði segir að sífellt beri meira á því að samskipti nemenda fari fram á ensku en ekki íslensku. *mbl.is/Eggert Jóhannesson*

Morgunbladid

Grunnskólakennari í Hafnarfirði segir marga nemendur byrjaða að nota ensku til samskipta í skólanum. Eigi þetta við bæði um unglinga og yngri nemendur.

Kennarinn telur ekki öruggt að íslenskan lifi af þær ógnir sem hún stendur frammi fyrir um þessar mundir, að því er fram kemur í umfjöllun um mál þetta í Morgunblaðinu í dag.

Segir kennarinn að farið hafi að bera á þessu fyrir tveimur til þremur árum. Hann telur netvæðinguna skýra þessa þróun. Ungmennin verji miklum tíma á netinu.

Ein stærsta vöru- og þjónustusýning sem haldin hefur verið á Íslandi fyrir almenning
Garðurinn
Fjölskyldan matur & frístundir
Framkvæmdir & viðhald
Garðurinn
Nútímaheimilið
Fjölskyldan matur & frístundir
Framkvæmdir & viðhald
Garðurinn
Nútímaheimilið
KOMDU OG UPPLIFÐU!
Um 100 fyrirtæki kynna allt það NÝJASTA
amazing
HOME SHOW
LAUGARDALSHÖLL
HELGINA 20. OG 21. MAÍ
OPIÐ LAU 11-18 SUN 11-17
Glæsilegir SÝNINGAR BÁSAR
DAGSKRÁ Á SVIÐI
LAUGARDAGUR 20. MAÍ
12:30 - Íþróttaálfurinn
14:00 - Bibi og Björgvin, töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Vísinda-Villi
SUNNUDAGUR 21. MAÍ
12:30 - Sirkustrúðurinn Wally
13:30 - Bibi og Björgvin, töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Bollywood-dívur Kramhússins
BARNA HORN KRUMMA
ÍS-BÍLLINN
HOPPU KASTALI
FRÁBÆR DAGSKRÁ fyrir alla fjölskylduna
Sjáðu Draumaberbergi Þórunnar Antoníu og Friðriks Dórs
Miðasala á www.midi.is og við inngang Miðaverð kr. 1.200 / Frítt fyrir eldri borgara og 16 ára og yngri (í fylgd fullorðinna)
www.amazinghomeshow.is

FRÉTTABLAÐIÐ
277. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI —
FÖSTUDAGUR 24. NÓVEMBER 2017
BLACK
FRIDAY
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
EINUNGIS Í DAG
REYKJAVÍK – AKUREYRI – ÍSAFJÖRÐUR
OPIÐ TIL KL. 22.00
* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði og ekki af Skovby
Reykjavík
Bildshöfði 20
Akureyri
Dalsbraut 1
Ísafjörður
Skeiði 1
www.husgagnahollin.is
568 1500
HÚSGAGNA
HÖLLIN

CYBER
MONDAY
10-30 % AFSLÁTTUR
24 TÍMAR · AÐEINS Á TL.IS!
tl.is
TÖLVU
LISTINN

Skiptar skoðanir um framtíð tungunnar

- Gunnar Smári Egilsson (*Fréttatíminn*, 7.3. 2015)
  - Þegar maður pælir í því er augljóst að íslenskan mun deyja út á næstu 50 til 70 árum. Alla vega sem fullburða tungumál í fjölþættum samskiptum fólks.
- Tryggvi Gíslason (*Eyjan*, 10.12. 2015)
  - […] íslensk tunga hefur aldrei staðið sterkar sem lifandi þjóðtunga í margskiptu þjóðfélagi en nú […] íslenska […] mun lifa um ófyrirsjáanlega framtíð.
- Hvor hefur rétt fyrir sér? Kannski báðir?

Aukið álag á íslenskuna

- Staðan virðist vissulega góð á yfirborðinu
  - en hún er brothætt
  - ekki þarf mikið til veikja undirstöðurnar
- Álag á íslenskuna hefur aukist mjög mikið
  - á undanförnum þremur til fimm árum eða svo
  - og mun fyrirsjáanlega aukast enn á næstunni
- Fyrir því eru ýmsar ástæður
  - flestar utanaðkomandi og óviðráðanlegar
  - tengjast þjóðfélags- og tæknibreytingum

Samfélagsbreytingar og tæknibreytingar

- Miklar breytingar hafa orðið á örfáum árum:
  - ferðamannastraumurinn
  - fjölgun fólks með annað móðurmál
  - háskólastarf á ensku
  - alþjóðavæðingin
  - snjalltækjabyltingin
  - gagnvirkir tölvuleikir
  - YouTube- og Netflix-væðingin
  - talstýring tækja

Matur | Neytendur | mbl | 19.1.2017 | 11:29 | Uppfært 13:38

Ísskápur sem talar og les uppskriftir

Ísskápurinn er að sjálfsögðu tengdur við App þannig að hægt er að athuga birgðastöðuna út í búð. *Ljósmynd/Samsung*

Þetta er ekki plat-fyrirsögn heldur dauðans alvara. Fyrir ótæknivæddar matarsálir sem eru ekki alveg með það nýjasta í heimilistækjabransanum á hreinu þá tilkynnist það hér með að til eru ísskápar sem geta talað og lesið upp fyrir þig uppskriftir meðan þú eldar, þekkja rödd þína og aðstoða við að gera innkaupalista. Þetta er bara brot af því sem þessi undratæki geta gert því svo geta þau líka haldið utan um dagskrá heimilismeðlima, sýnt þér hvað er inn í ísskápnum án þess að þú þurfir að opna hann og spilað tónlist.

Tækni & vísindi | mbl | 30.1.2017 | 9:47 | Uppfært 10:33

Vélmenni annist aldraða á vistheimilum

Pepper-vélmenni. Vonast er til að nýja vélmennið muni reynast eldri borgurum vel með því að veita þeim afþreyingu og hjálpa þeim að tengjast umheiminum og fjölskyldu sinni betur í gegnum notkun snjalltækja. *Skjáskot/Softbanks Robotics*

Vélmenni sem búa yfir mannlegum eiginleikum á borð við menningarvitund og almenna kurteisi gætu í framtíðinni nýst við umönnun aldraðra. Fréttavefur BBC segir alþjóðlegt teymi vísindamanna nú vinna að þróun vélmenna sem geti aðstoðað við umönnun á dvalarheimilum aldraðra og á vistheimilum.

Vélmennunum er ætlað að sinna almennum verkefnum á borð við lyfjagjöf, sem og að veita íbúum vistheimilanna félagsskap. Segja vísindamennirnir að með þessu móti megi draga úr álagi á starfsfólk vistheimila og sjúkrahúsa.

Ferns konar hugsanlegar afleiðingar

- Áhrif frá ensku aukast
  - í orðaforða, setningagerð, beygingum, framburði …
- Íslenskt ílag minnkar
  - börn á máltökuskeiði heyra minni íslensku
- Notkunarsvið íslensku skerðist
  - í ferðaþjónustu, viðskiptalífi, tölvusamskiptum …
- Virðing fyrir tungumálinu minnkar
  - það fer að þykja hamlandi og hallærislegt
- Er íslenskan þá kannski deyjandi?

Spádómur Rasks 1813

- Annars þér einlæglega að segja held ég, að íslenskan bráðum muni útaf deyja;
  - reikna ég, að varla muni nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum 200 árum þar upp frá, ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar
- 1813 + 100 + 200 = 2113
  - verður íslenska í andarslitrunum um aldamót?
  - eða er bara verið að hrópa „úlfur, úlfur“?

Mælikvarði UNESCO á lífvænleik tungumála

Mælistikur

- Flutningur máls milli kynslóða
- Fjöldi málhafa
- Hlutfall málhafa af heildaríbúafjölda
- Umdæmi eða svið sem málið er notað í
- Viðbrögð máls við nýjum sviðum og miðlum
- Kennsluefni í máli og læsi

Viðmið fyrir efsta þrep

- Málið er notað af öllum aldurshópum
- Útilokað að nefna tölu
- Allir í samfélaginu nota málið
- Málið er notað á öllum sviðum og til allra þarfa
- Málið er notað á öllum nýjum sviðum
- Málið á rithefð, orðabækur, stafsetningu, bókmenntir

Aðstæður andstæðari en nokkru sinni

- Meira og víðtækara áreiti
  - enskan í málumhverfinu er meiri og á fleiri sviðum en nokkru sinni fyrr
- Yngri viðtakendur
  - enskt máláreiti nær til yngri barna en áður, bæði gegnum snjalltæki og sjónvarpsáhorf
- Gagnvirkni
  - enskunotkun barna og unglinga er mun gagnvirkari en áður – ekki bundin við einhliða miðlun

Áhrif snjalltækja á máltöku

- Máltaka barna fer fram á fyrstu æviárunum
  - einkum fyrstu 6-9 árin – lokið fyrir kynþroskaaldur
- Börn læra málið sem notað er í umhverfinu
  - en til þess þarf að tala við þau og hlusta á þau
  - einhliða miðlun (t.d. sjónvarpsáhorf) nægir ekki
- Snjalltækjavæðing getur truflað máltökuna
  - ef börn og fullorðnir tala minna saman
  - og börnin fá ekki nægilega málörvun á móðurmáli
  - en eru e.t.v. í gagnvirkum samskiptum á ensku

Verkefnið

- **Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis**
  - (Modeling the linguistic consequences of digital language contact, MoLiCoDiLaCo)
- Þriggja ára öndvegisstyrkur Rannsóknasjóðs
  - 1. júlí 2016 – 30. júní 2019, 117,5 milljónir króna
- Verkefnisstjórar:
  - Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson
  - prófessorar við Háskóla Íslands

Lýsandi markmið

- Afla upplýsinga um sambýli íslensku og ensku
  - enskt máláreiti og enskunotkun Íslendinga
  - áhrif enskunnar á málnotkun og viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku
- Rannsaka áhrif stafrænna miðla og snjalltækja á
  - málkunnáttu Íslendinga (orðaforða og form málsins)
    - eru komin fram tilbrigði sem rekja má til enskra áhrifa?
  - málnotkun Íslendinga
  - viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku

Hugsanleg ensk áhrif

- **Orðaforði**: Mikið um ensk orð og slettur, t.d.
  - *„Þetta er gott story“* (= *…góður söguþráður*)
  - *„Þetta er svona stuttsaga“* (= … *smásaga*)
- **Málkunnátta**: Gerð íslensku breytist við náið sambýli við ensku: beygingar, setningagerð o.fl.
  - *„Vá, hérna eru margir pókemons“, „Hann gaf ræðu“*
- **Málnotkun**: Aukin enskunotkun og jákvætt viðhorf til hennar hafi áhrif á stöðu tungunnar
  - Íslenska missi notkunarsvið, t.d. í tölvuleikjum

Atriði sem reynt verður að kanna

- Viðhorf til íslensku og ensku
  - hversu mikilvægt er að vera góður í íslensku/ensku?
- Kunnátta í íslensku og ensku
  - t.d. hvaða orðaforða málnotendur hafa í hvoru máli
- Magn íslensku og ensku í umhverfinu
  - hlutfall tíma sem menn hafa hvort mál í umhverfinu
- Áhrif íslensku á ensku og öfugt
  - hvar og hvernig koma slík áhrif fram?

Rannsóknaraðferðir

- 5.000 manna netkönnun
  - gerð af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
  - 10 aldurshópar, frá þriggja ára og upp úr
- 400 manna viðtalskönnun
  - gerð af meistaranemum í málfræði
  - sömu aldurshópar, sérvalið úrtak úr stærri hópnum
- 30.000+ manna netkönnun
  - gerð með hjálp samfélagsmiðla
  - tilraun með að nýta aðferðir hópvirkjunar

Staða rannsóknarinnar

- Netkönnun var send til fullorðinna í sumar
  - alls 3500 manns á aldrinum 13 ára og upp úr
- Netkönnun var send til barna í síðustu viku
  - alls 1500 börn á aldrinum 3-12 ára
- Tæplega 1500 fullorðnir hafa svarað
  - svör að byrja að berast frá börnum
- Hér fara á eftir fyrstu bráðabirgðaniðurstöður
  - úr nokkrum þáttum könnunarinnar
  - vinsamlegast vitnið ekki í þær!

Tungumál raddstýringar



Að tala ensku við íslenskumælandi fólk



Tungumál viðmóts á tölvum og símum





Enska – tal og hlustun





Enska – lestur og ritun





Ýmiss konar lestur



Ýmiss konar áhorf



Viðtengingarháttur



Það er grillveisla hjá Siggu um helgina. Ég vona að Jón verður þar.

Ensk áhrif í orðalagi?



Auður gat ekki flutt fyrirlesturinn. Hún hefur aldrei haft vandamál með þetta áður.

Takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is